

H Á S K Ó L A Þ I N G 1 2 . F E B R Ú A R 2 0 0 0

*vituð er enn eða hvat?*

Menntamálaráðuneytið mun efna til þings um málefni háskóla á Íslandi, laugardaginn 12. febrúar nk. í Háskóla-

og veikleika þeirra, ræða hlutverk háskólamenntunar við breyttar aðstæður í þjóðfélaginu og í alþjóðlegu samhengi.

sviði menntamála sem er að efla háskólastigið, móta nýja háskólastefnu og skapa rannsóknnum og vísindum ný starfsskilyrði.

Sérfróðir innlendir og erlendir aðilar munu fjalla um ýmis af mikilvægustu málefnum háskóla og samfélags í fyrirlesturum og umræðum. Dæmi um þemu eða spurningar eru: Fyrir hverja eru háskólar? eru háskólar í takt við tímann? Hver er þýðing háskóla fyrir samfélagið? Er þörf á opinberri háskólastefnu?

Dagskráin mun hefjast á ávarpi menntamálaráðherra og síðan munu fyrirlesarar vera með erindi og umræður í þremur málstofum. Þinginu lýkur svo með pallborðsumræðum.

Auk hefðbundinnar dagskrár verður skólum á háskólastigi, rannsóknar- og vísindastofnunum, nemendafélögum og öðrum sem áhuga hafa, boðið að kynna starfsemi sína í anddyri Háskólabíós.

Þingið er öllum opið og ráðuneytið hvetur þá sem láta sig háskólamál varða til að mæta; háskólakennara og nemendur, vísindamenn, stjórnmalamenn og aðila úr atvinnulífinu og stjórnkerfinu. Stefnt er að því að leggja fram á þinginu tölfræðilegar upplýsingar um þróun háskólastigsins á Íslandi, sem nýtast bæði fyrirlesurum og þátttakendum á þinginu.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)



*Nemendur á fundi með menntamálaráðherra í Flensborgarskóla hinn 19. janúar sl. Ráðherra mun heimsækja 28 framhaldsskóla á öllu landinu á næstu vikum í því skyni að kynna áherslur nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla. Sjá nánar bls. 2.*

bíói kl. 10.00 - 16.30. Markmiðið með þinginu er að draga upp mynd af stöðu íslenskra háskólamála, greina styrkleika

Ætlunin er að leggja áherslu á heildarsýn á þróun háskóla á Íslandi og skoða einstaka þætti í því ljósi.

Með háskólaþinginu vill ráðuneytið leggja grunn að næsta stórverkefni á

# Menntamála- ráðherra heimsækir alla framhaldsskóla

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að heimsækja alla framhaldsskóla á landinu á tímabilinu 18. janúar til 10. mars. Í hverjum skóla verða haldnir tveir fundir, annar með stjórnendum og kennurum og

hinn með nemendum. Tilgangur heimsóknanna er að styrkja tengsl ráðuneytisins og skólanna, fylgja eftir þeirri stefnu sem mörkuð er í nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla og fara yfir önnur mál sem efst eru á baugi í skólunum, bæði fagleg málefni og eins þau sem lúta að rekstri skóla. Á fundunum gefst tækifæri til að ræða þau mál sem helst hafa orðið umræður um í nýrri námskrá og breytingar sem af henni leiða. Með því að halda tvo fundi, annan með stjórnendum og kennurum og hinn með nemendum, verður unnt að ræða einstök mál á forsendum hvors hóps fyrir sig. Ábendingar og niðurstöður sem koma fram á fundunum verða síðan notaðar við frekari þróun framhaldsskóla bæði hvað varðar skipulag, inntak og kennsluhætti. Fyrsti fundurinn var haldinn í Kvennaskólanum hinn 18. janúar.

## Háskólaþing laugardaginn 12. febrúar 2000

### Fundarstaður Háskólabíó

#### Dagskrá

#### 10:00 Salur 2

Fundarstjóri: Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður menntamálanefndar Alþingis, setur þingið.

Strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík flytur tónlistaratriði.

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra: *Hvers vegna háskólaþing?*

Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands: *Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar.*

Alan Wagner, OECD Directorate for Education, Employment, Labour and Social Affairs: *Convergence and Competition: - Trends and Developments in Tertiary Education among OECD Countries.*

12:00 Þinghlé og sýning í anddyri

#### 13:00 Salur 2. Fyrir hverja eru háskólar?

Stjórnandi: Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri.

Málshefjendur:

Kristján Kristjánsson, prófessor við Háskólann á Akureyri: *Hugmyndin að háskóla.*

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, dósent við Háskóla Íslands: *Tvö kyn, tvö menntakerfi?*

Ingi Rúnar Eðvarðsson, dósent við Háskólann á Akureyri: *Háskólar á nýrri öld - Aðgangur að æðri menntun óháð stétt, búsetu og aldri.*

14:30 Umræður

#### 13:00 Salur 3.

#### Eru háskólar í takt við tímann?

Stjórnandi: Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands.

Málshefjendur:

Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík: *Rekstrarform háskóla í framtíðinni.*

Runólfur Ágústsson, rektor Samvinnuháskólans á Bifröst: *Frá akademíu til upplýsingasamfélags.*

Guðmundur Hálfðánarson, dósent við Háskóla Íslands: *Alþjóðavæðing háskóla og framtíð íslenskrar þjóðmenningar.*

Magnús Bernharðsson, prófessor við Hofstra University: *Samanburður á kennsluháttum við íslenskan og erlendan háskóla.*

14:30 Umræður

#### 13:00: Salur 4.

#### Hver er þýðing háskóla fyrir samfélagið?

Stjórnandi: Magnús Jónsson, rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Málshefjendur:

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands: *Hlutverk listaakademíunnar í íslensku samfélagi og framtíðarsýn.*

Jón Atli Benediktsson, prófessor við Háskóla Íslands: *Háskólarannsóknir og þýðing þeirra fyrir samfélagið.*

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar: *Hvar á að leita þekkingar, nýta hana og láta hana síðan gleymast?*

14:30 Umræður

15:15 Kaffihlé

#### 15:30 Salur 2. Pallborðsumræður - Er þörf á opinberri háskólastefnu?

Spyrjendur: Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður menntamálanefndar Alþingis og Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttamaður.

Þátttakendur: Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Bjarni Ármannsson, forstjóri Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, Berglind Grétarsdóttir, nemandi í Kennaraháskóla Íslands.

16:30 Þingslit

Fréttabréf menntamálaráðuneytis,  
10. árg. 1. tbl. janúar 2000  
Ábyrgðarmaður: Guðriður Sigurðardóttir  
Ritstjóri: Kristín Jónsdóttir  
Útlitshönnun: Fiton • hh  
Útg. menntamálaráðuneytið,  
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík  
Netfang: postur@mrn.stjr.is  
Veffang: www.mrn.stjr.is  
Prentun: Gutenberg

## *Mikilvægt að námsefni sé í takt við nýja aðalnámskrá*

### *Hvernig gengur hjá Námsgagnastofnun að fylgja eftir nýrri aðalnámskrá með útgáfu námsefnis?*

Það hefur gengið vel, stofnunin fékk á þessu ári aukafjárveitingu frá menntamálaráðuneytinu að upphæð 40 milljónir króna til þess að gera sérstakt átak í útgáfu námsefnis. Það hefur gert okkur kleift að setja af stað fleiri verk en ella og hraða útgáfu annarra. Það mun að sjálfsgöðu taka nokkur ár að gefa út nýtt námsefni og endurskoða annað svo allt verði í fullu samræmi við nýja aðalnámskrá, en vitaskuld er afar mikilvægt að þetta tvennt fylgist að. Skólastarfið byggist að verulegu leyti á notkun námsefnis og til að koma á breytingum þarf því að hafa námsefni sem miðast við nýja stefnu.

### *Hvaða breytingar í námskrá kalla helst á nýtt eða endurskoðað námsefni?*

Þar má fyrst nefna breytingarnar á tungumálakennslunni. Við settum strax af stað starfshóp til að undirbúa breytingar á enskukennslu og létum sömuleiðis tilraunakenna nýtt enskuefni sem þótti koma til greina fyrir byrjendur í ensku, sem nú eru tveimur árum yngri en áður.

Nú hafa verið valdir tveir flokkar sem eru á boðstólum fyrir 5. og 6. bekk en framundan er að velja eða láta semja efni fyrir eldri bekkina. Þegar nemendur sem byrja núna í nýja kerfinu koma upp á unglingastigið, kunna þeir væntanlega heilmikið og geta ekki notað efnið sem nú er kennt í efri bekkjunum.

Dönskukennslan færir upp um eitt ár og býið er að semja nýtt efni fyrir byrjendur í dönsku. Þar sem dönskukennslan á að verða jafnmikil eftir breytinguna og áður gerum við okkur vonir um að nýta megi unglingastigsefnið áfram enda er það að mestu leyti nýlegt efni.

Svo urðu töluverðar breytingar á námskrá í samfélagsgreinum og þar er að koma út nýtt efni í sögu fyrir 8. bekk. Á næsta ári þarf svo að halda áfram útgáfu söguefnis því gamla efnið samræmist ekki nýju námskránni.

### *Hvað með nýju námsgreinarnar lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt, þurfið þið ekki að byrja frá grunni í þeim greinum?*



Jú, nýjar námsgreinar í námskrá kalla að sjálfsgöðu á nýtt námsefni. Fyrir kennslu í lífsleikni er verið að þýða og staðfæra þýska bók handa 9. og 10. bekk. Einnig er í vinnslu efni fyrir yngstu nemendurna sem verður komið út fyrir næsta haust. Þá má líka nefna námsefni á neti eftir Herdísí Egilsdóttur sem segir frá

landnámsaðferð hennar og gefur kennurum hugmyndir varðandi nám og kennslu sem sannarlega falla að markmiðum lífsleikninnar.

Önnur ný námsgrein er svo upplýsinga- og tæknimennt. Í upplýsingamennt var að koma út efni fyrir miðstig og á áætlun er framhald af því. Fyrir tæknimennt er verið að þýða efni fyrir unglingastig og þar eru margar hugmyndir komnar fram um nýtt efni.

### *Eru einhverjar greinar áberandi betur settar en aðrar hvað varðar samræmi við nýja aðalnámskrá?*

Það má kannski segja að íslenskan sé nokkuð vel sett. Það hefur verið lögð mikil áhersla á útgáfu íslenskuefnis á undanförunum árum og þar er til mikið úrval efnis á öllum stigum sem samræmist ágætlega markmiðum í nýrri námskrá.

Reyndar ber að geta þess að í nýrri aðalnámskrá í íslensku eru nú í fyrsta sinn sett fram sérstök markmið í íslenskukennslu fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku, *íslenska sem annað tungumál*, svo og fyrir heyrnarlausa nemendur. Augljóst er að huga verður sérstaklega að námsefnisgerð fyrir þessa hópa og þar er mikið verk fyrir höndum.

Hvað varðar aðrar greinar tel ég að við séum að hluta til vel sett í stærðfræði og náttúrufræði. Nýja stærðfræðiefnið fyrir byrjendur og unglingastigsefnið í náttúrufræði er í góðu lagi en svo vantar alveg nýtt efni fyrir önnur skólastig í þessum greinum.

### *Í nýju námskránum er lögð áhersla á notkun upplýsinga- tækni í öllum námsgreinum. Hvað gerir Námsgagnastofnun til að stuðla að þessu?*

Þessu áhersluatriði fylgdi menntamálaráðuneytið líka eftir með sérstakri fjárveitingu sem hefur gert það mögulegt að hefja verulegt átak í útgáfu kennsluhugbúnaðar. Við höfum nú á boðstólum um 90 kennsluforrit sem eru að umfangi frá einföldum forritum og upp í fjölbreytta margmiðlunardiska. Svo er líka verið að auka útgáfu á Netinu og í byrjun næsta árs verður boðið upp á námsefni á sex mismunandi sviðum á vef Námsgagnastofnunar.

# Endurnýjun samstarfsáætlana ESB

Nú um áramótin eða snemma á árinu ganga í gildi hjá Evrópusambandinu (ESB) fjórar nýjar samstarfsáætlanir á sviði mennta-, menningar- og æskulýðsmála. Sókrates II tekur við af Sókratesi I, Leonardó da Vinci II tekur við af Leonardó da Vinci I, menningarmálaáætlunum Arion, Rafael og Kaleidoskóp verður steipt saman í eina og æskulýðsáætlunum Ungu fólki í Evrópu og sjálfbæðisáætlunum

ustu ungs fólks verður einnig steipt saman.

Íslendingar hafa tekið þátt í samstarfsáætlunum ESB á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagsvæðið (EES) og er nú unnið að því að gera úttekt á áhrifum þeirra. Menntamálaáætlanirnar eru viðamestar og sýna bráðabirgðaniðurstöður að þátttaka einstaklinga, skóla, stofnana og fyrirtækja hefur verið umfangsmikil og

veitt vindum alþjóðavæðingar inn í umhverfi sitt.

Nýju áætlanirnar eru að mestu byggðar á þeim eldri, en eru allar einfaldari í framkvæmd og meira af framkvæmdinni flutt til þátttökulandanna. Þau lönd, sem rétt hafa til þátttöku eru ESB-löndin fimmtán, EFTA/EES-löndin þrjú; Ísland, Liechtenstein og Noregur og tíu lönd í Mið austur-Evrópu, sem sótt hafa um aðild að ESB.

## Undirbúningur rammalöggjafar um safnamál

Menntamálaráðuneytið skipaði í mars sl. nefnd til að undirbúa rammalöggjöf um safnamál. Verkefni nefndarinnar er að skilgreina þá safnastarfsemi sem nú er rekin, skilgreina hlut ríkis, sveitarfélaga og stofnana að því er varðar stofnun og rekstur safna af mismunandi tegundum og gera tillögur um

breytingar á gildandi löggjöf. Á þeim grundvelli er nefndinni falið að leggja fram tillögu til lagabreytinga. Í nefndinni eiga sæti:

Gunnar Jóhann Birgisson hæstaréttarlögmaður, formaður.

Sigurður Á. Þráinsson deildarstjóri, tilnefndur af umhverfisráðuneytinu,

Jósef H. Þorgeirsson lögfræðingur, tilnefndur af samgönguráðuneytinu,

Inga Lára Baldvinsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af Félagi íslenskra safnamanna og Smári Geirsson forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

## Úthlutun Leonardóstyrkja 1999

Við úthlutun styrkja úr Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlun ESB, sem Íslendingar taka þátt í á grundvelli samningsins um EES, hlutu íslensk verkefni fimm styrki að upphæð um 39 milljónir króna. Auk þess voru veittar rúmlega 13 milljónir til mannaskipta, sem gefa fólki tækifæri til að afla sér starfsmenntunar í öðru Evrópulandi.

Verkefni fimm, sem styrki hlutu eru:

**1.** Fræðsluverkefni og námskeið í sagna-list, þar sem sagnahefðin verður nýtt til að skapa atvinnutækifæri í ferðaþjónustunni með þjálfun sagnaþula.

Samstarfslönd eru Þýskaland, Skotland og Grikkland.

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar sér um verkefnisstjórn.

**2.** Stutt námskeið og handbók, ætlað sérhæfðum starfsmönnum í málmíðnaði sem sjá um þjálfun nema innan fyrirtækja.

Samstarfslönd eru Danmörk og Írland. Verkefnisstjórn er í höndum Fræðsluráðs málmíðnaðarins.

**3.** Dreifing á kennslufni fyrir þá sem fást við ferðaþjónustu í dreifbýli á geisladiskum og á netinu með áherslu

á gæða- og eftirlitsþáttinn, markaðssetningu og vörubrúun.

Samstarfslönd eru Þýskaland, Spánn, Búlgaría, Litháen, Lettland, Pólland og Slóvakía.

**4.** Starfsmannaskiptaverkefni, þ.e. tveggja vikna dvöl til starfsþjálfunar fyrir starfsfólk úr starfsgreinum tengdum umhverfisvernd og vistvænni framleiðslu. Verkefnisstjórn er í höndum Háskóla Íslands (European Quality Fish Network).

**5.** Sérstakt stúdentaskiptaverkefni undir stjórn Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.

# Þriðja árið í framhaldsskóla valkostur fyrir fatlaða nemendur



**Undanfari er hefur föluðum nemendum sem stunda nám í framhaldsskólum fjölgað. Hvernig finnst þér til hafa tekist með kennsluna?**

Margir framhaldsskólar hafa verið hikandi við að taka að sér kennslu fatlaðra nemenda þrátt fyrir að lög um framhaldsskóla hafi haft skýr ákvæði allt frá 1988 um að framhaldsskólar skuli bjóða upp á nám við hæfi allra nemenda. Þeir skólar sem tekið hafa að sér þessa kennslu hafa að mínu áliti hins vegar yfirleitt gert þetta vel og lagt metnað í að fatlaðir nemendur nytu góðrar kennslu og aðstoðar við hæfi.

Vinna við aðalnámskrá framhaldsskóla fól í sér að samin var námskrá um nám í sérdeildum. Þessi hluti aðalnámskrárinnar biður enn útgáfu og er það miður að mínu áliti. Ég tel skólana hafa þörf fyrir leiðbeiningar og stuðning sem námskrá veitir og vona því að ekki liði á löngu þar til námskrá um nám í sérdeildum liti dagsins ljós. Námskráin yrði tvímælalaust til að auka gæði kennslunnar.

**Ákveðið hefur verið að bjóða upp á þriðja námsárið fyrir nemendur sem stunda nám í sérdeildum. Hvernig sérdú fyrir þér skipulagið?**

Mér sýnist ljóst að á þessu stigi verði þriðja árið valkostur sem nemendum bjóðist eftir útskrift úr tveggja ára námi. Markmið þess tel ég undirbúning fyrir starf á almennum eða vernduðum vinnumarkaði.

Til þessa hefur tveggja ára námið verið starfsmiðað og þeir skólar sem hafa verklega aðstöðu hafa boðið upp á nám sem að hluta er bóklegt en megináherslan hefur verið á verklegt nám. Þeir skólar sem átt hafa þess kost hafa boðið upp á verklega námið innan veggja skólans. Þetta á meðal annars við um minn skóla, Iðnskólann í Reykjavík.

Ég sé hins vegar þriðja árið fyrir mér sem tengdara vinnumarkaði en fyrstu árin tvö. Á þriðja ári yrði þá eingöngu boðið upp á bóklega kennslu í skólanum en verkleg þjálfun færi fram í fyrirtækjum, sem ef vel tækist til, yrðu framtíðarvinnustaður nemendanna. Í sérdeildum framhaldsskóla í Skotlandi er líkt fyrirkomulag. Ég er hér með í huga tvískipt nám þar sem síðari hlutinn er í beinum tengslum við vinnumarkað. Skotar hafa áralanga reynslu af þessu fyrirkomulagi og þar gefst þetta vel.

**Aukast möguleikar starfsnáms á þessu þriðja ári?**

Ég tel að með þriðja árinu opnast möguleikar á að beina starfsnáminu í þann farveg að kunnáttu nemendanna nýtist beint á vinnumarkaðinum. Með þessu á ég við að starfsnámið verður markvissara þegar nemendur koma inn í fyrirtæki þar

sem þeir nýta sér þá þekkingu sem skólinn hefur veitt þeim. Þjálfun við vélar og tæki nýtist best ef nemandinn heldur áfram að vinna við sömu aðstæður að lokinni þjálfuninni.

**Hvernig sérdú þú fyrir þér sérnám á framhaldsskólástigi í framtíðinni?**

Ég hef alla tíð séð sérnámið fyrir mér sem fjögur ár; fyrsta árið yrði almenns eðlis þar sem nemendur gætu þreifað á ýmsum tilboðum, annað og þriðja árið með líku sniði og þau tvö ár sem nú eru í boði og fjórða og síðasta árið starfstengt eins og ég var að lýsa áður. Ég tel síðasta árið skipta meginmáli og ef vel tekst til þá muni það brúa bilið milli skólans og atvinnulífsins. Þennan þátt, brú milli skóla og atvinnulífs, hefur mikil vinna verið lögð í víða um heim. Einn af starfshópum Helios-samstarfs Evrópuþjóða fjallaði um þessa brúarsmið og allar þjóðir sem þátt tóku í því samstarfi töldu hana einn mikilvægasta þáttinn til að nám í skóla nýttist. En jafnframt kom fram að oft er þessi þáttur vanmetinn. Hér á landi hefur mikil reynsla fengist í að brúa bilið milli skóla og atvinnulífs. Hér nægir að nefna Öskjuhlíðarskóla sem rak um árabíl starfsdeild eftir að grunnskólanámi lauk. Hún byggðist á bóklegu námi við skólann og verklegri þjálfun í fyrirtæki sem skólinn útvegaði nemandanum vinnu við. Þetta fyrirkomulag gafst afskaplega vel og gæti orðið fyrirmynd að þriðja (eða fjórða) ári í sérnámi á framhaldsskólástigi

## Fjarkennsluhugbúnaðurinn Lotus LearningSpace á íslensku

Lokasamningur um kaup menntastofnana á fjarkennsluhugbúnaðinum Lotus LearningSpace á íslensku hefur verið gerður milli menntamálaráðuneytis og Hugvits hf. Um er að ræða fjarkennslukerfi á netinu sem auðveldar skipulag og framsetningu kennslu. Lotus LearningSpace býður upp á lokað umhverfi fyrir námskeið á Netinu með verkefnum, gagnvirkum prófum, einkunna- og námsferilsskráningu, póstlistum til samskipta o. fl.

Hugbúnaðurinn hefur verið þýddur á íslensku og hefur

Kennaraháskóli Íslands þegar tekið hann í notkun við fjarkennslu. Hyggst skólinn nýta hann fyrir þrjú hundruð nemendur á næsta ári, en samningurinn hljóðar upp á kaup á þremur miðlurum og ellefu hundruð nemendaleyfum. Gert er ráð fyrir að hugbúnaðurinn verði tekinn til notkunar í fleiri skólum, enda býðst hann á hagstæðum kjörum. Fjölbrautaskólinn í Ármúla hefur sýnt áhuga á að taka hann til reynslu og Háskóli Íslands hefur gert tilraunir með þetta umhverfi í fjarkennslu.

## Gæðamat í skólum á Norðurlöndum draumórar eða veruleiki?

Á undanförunum árum hefur verið mikil gerjun í mati á skólastarfi á Norðurlöndum sem og annars staðar í Evrópu. Hafa sjónir manna beinst bæði að innra og ytra mati með það að markmiði að auka gæði náms. Uppbygging skólakerfa Norðurlandanna er að mörgu leyti lík, en hvað varðar innra og ytra mat hafa þjóðirnar valið mismunandi leiðir og aðferðir.

Norræna ráðherranefndin ákvað að styðja hugmynd sem kom frá Íslandi að árið 1999 yrði haldin norræn ráðstefna um mat á skólastarfi, en Ísland hafði frumkvæði að því að sérstakur norrænn vinnuhópur um mat á skólastarfi var settur á laggirnar 1996 og skyldi hann starfa til ársins 1999.

Ráðstefnan var haldin á Hótel Sögu í Reykjavík dagana 11. - 12. nóvember 1999. Markmiðið var að skapa vettvang þar sem fræðimenn og skólafólk miðlaði

af reynslu sinni og þekkingu. Þrjár meginspurningar voru lagðar til grundvallar á ráðstefnunni:

hvað að sækja til annarra landa á þessu sviði?

Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru Ev-



*Hvers vegna skólamat?*

*Hvað ber að meta?*

*Hvernig er hægt og hvernig á að framkvæma mat á skólastarfi?*

Leitað var svara við spurningum eins og:

- Hvernig ná skólarnir því markmiði sem matið setur?
- Er hægt að greina sérnorræn einkenni í mati á skólastarfi?
- Hvernig er best hægt að vinna á norrænum vettvangi að mati á skólastarfi?
- Hafa Norðurlandaþjóðir eitt-ert Vedung prófessor við Háskólanum í Uppsölum, Börkur Hansen dósent við Kennaraháskóla Íslands, Lars Monsen lektor við háskólann í Lillehammer, Patrik Scheinin prófessor við háskólann í Helsingfors og Niels Egelund prófessor við Kennaraháskóla Danmerkur. Aðalfyrirlesararnir tóku einnig þátt í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar. Starfræktar voru 18 málstofur þar sem fjallað var um þau málefni sem eru efst á baugi í hverju í landi á sviði mats á skólastarfi. Einnig voru starfræktar smiðjur ráðstefnudagana þar sem m.a. lá frammi ýmislegt efni frá Norrænu ráðherranefndinni og útdrættir úr fyrirlestrum. Þátttakendur voru 196 frá öllum Norðurlöndunum. Skýrsla með fyrirlestrum, útdráttum úr málstofum og þátttakendalista verður gefin út á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu. Skýrslan mun birtast á heimasíðu ráðuneytisins [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is) Þátttakendahópurinn var blandaður eins og stefnt var að, aðalfyrirlesararnir fluttu fróðlega og athyglisverða fyrirlestra hver á sinn hátt, málstofurnar voru liflegar og töluverðar umræður sköpuðust í þeim flestum.

## Framlög til upplýsingatækni 136 milljónir

Á þessu ári verður varið 136 milljónum króna til upplýsingatækniverkefna á vegum menntamálaráðuneytis af liðnum Íslenska upplýsingasamfélagið. Af þessari upphæð munu 38 milljónir fara til gerðar kennsluhugbúnaðar, 36 til eflingar kennaramenntun á sviði upplýsingatækni, 20 til uppbyggingar fjarkennslu, 16 til sérnáms í upplýsingatækni á háskólastigi, 12 til þróunarverkefna á framhaldsskólastigi og 10 til þróunarskóla í upplýsingatækni. Loks mun 4 milljónum verða varið til uppbyggingar fjarkennslu í íslensku á grunnskólastigi fyrir Íslendinga erlendis.

# *Einelti algengara í neðri bekkjum grunnskóla*

Í nýrri rannsókn um umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála vann fyrir menntamálaráðuneytið kemur fram að einelti er algengara í neðri bekkjum grunnskóla en hinum efri. Börn í 5. bekk grunnskóla telja sig oftast verða fyrir einelti en nemendur í 9. bekk. Í rannsókninni var m.a. leitast við að fá svör við því hvert væri umfang eineltis á Íslandi og hvernig börn og ungmenni skilgreindu einelti.

Um 2000 nemendur voru í úrtaki rannsóknarinnar í skólum með 5., 7. og 9. bekk og bárust svör frá 85,9% nemenda.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða m.a. í ljós að sl. vetur höfðu um 13% barna í 5. bekk orðið fyrir einelti en einungis 3,3% í 9. bekk. Hins vegar segjast 4,6% barna í 5. bekk hafa lagt aðra í einelti á sama tímabili en 5,6% nemenda í 9. bekk. Tíðni eineltis var borin saman milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og greindist ekki marktækur munur.

Greindir voru sjö undirflokkar eineltis sem kallaðir eru neikvæð upplifun, líkamlegt ofbeldi, baktal, gagnrýni á útlit eða háttalag, félagsleg útskúfun, flótti/forðun og forsaga. Fram kom m.a. að drengir upplifðu frekar líkamlegt ofbeldi en stúlkur og áttu sér lengri forsögu. Stúlkur höfðu neikvæðari upplifun og urðu meira fyrir óbeinu einelti (baktali) en drengir.

## ***Drengir fremur gerendur eineltis***

Drengir eru fremur gerendur eineltis en stúlkur. Þeir beittu meira munnlegu og líkamlegu einelti, baktali/óbeinu einelti og þeir áttu sér lengri forsögu sem gerendur. Skörun milli þess að vera gerandi og þolandi eineltis var mest á líkamlega ofbeldisþættinum. Tengslin voru mun veikari t.d. á milli þess að vera félagslega útskúfaður og þess að leggja aðra í einelti.

Í rannsókninni var athugað til hvaða úrræða börn grípa ef þau verða fyrir einelti og voru svör þeirra greind í sjö þætti; undirgefni, ráðast á móti, leiða vandann hjá sér, leita hjálpar fullorðinna, beita lymskubrögðum/óbeinum leiðum til að verja sig, fá hjálp frá jafnöldrum og bíða og vona að þetta líði hjá. Fram komu sterk tengsl milli þess að verða fyrir einelti og þess að sýna undirgefni eða bíða og vona að vandinn líði hjá.

Þeir sem leggja aðra í einelti segjast svara fyrir sig með því að ráðast á móti eða leita aðstoðar hjá jafnöldrum. Yngri börnin segjast leita frekar til foreldra og starfsfólks skólans. Stúlkur eru einnig líklegri til að sýna undirgefni og/eða leita til foreldra/kennara, borið saman við drengi. Kynja- og aldursmunur er þó smávægilegur og flestir segjast reyna að leiða áreitnina hjá sér.

## ***Börn réttlata einelti***

Hugmyndir barnanna sjálfra um orsakir eineltis voru athugaðar

og það hvernig þessar hugmyndir tengjast úrræðum og eigin reynslu af einelti sem gerandi eða þolandi. Fram kom að helstu „kenningar“ barnanna sjálfra um orsakir eineltis eru þær að um sé að ræða þrýsting frá félögum, að verið sé að skemmta sér og öðrum, að um sé að ræða hefnd (þolandi hafi unnið til þess) eða grín (ekki illa meint) og að þeir sem eru feimnir séu frekar teknir fyrir og að þeir sem leggja aðra í einelti séu afbrýðisamir. Svo virðist sem kenningarnar þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að réttlæta eða útskýra eigin hegðun.

Að síðustu var rannsakaður skilningur barna og unglinga á sex orðum sem notuð hafa verið í rannsóknum hérlendis og lýsa athæfi sem tengist einelti. Skilningurinn var metinn af 25 atvikum úr skólalífnum og voru þátttakendur beðnir um að segja til um hvort þessi atvik væru einelti eða ekki. Fram kom að börnin leggja svipaðan skilning í orðin einelti, að taka fyrir, að hrekkja og að stríða. Hins vegar telja þau merkingu þess að ráðast á nokkuð frábrugðna þessu. Það á einnig við um að skilja útundan. Fram kemur að skilningur 8 ára barna er örlítið rýmri en 14 ára barna, t.d. telja þau fleiri atvik vera dæmi um að skilja útundan en 14 ára krakkar. Skilningi íslenskra barna á hugtakinu einelti svipar mjög til skilnings breskra barna á orðinu bullying.

Ætlunin er, að þekkingin, sem aflað hefur verið með rannsókninni nýtist til að meta bestu forvarnarúrræðin gegn einelti og hvernig þeim verði hrundið í framkvæmd.

Menntamálaráðuneytið hefur þegar falið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að gera könnun á úrræðum foreldra og kennara við lausn eineltisvandamála í grunnskólum. Í kjölfar þeirrar könnunar mun taka til starfa starfshópur sem á að gera tillögu að aðgerðaáætlun fyrir grunnskóla um hvernig hægt sé að bregðast við þegar einelti kemur upp í skólum.



# Skólareglur og agi í grunnskólum

Málþing um skólareglur og agi í grunnskólum var haldið fimmtudaginn 2. desember í samstarfi menntamálaráðuneytisins við Kennarasamband Íslands, Skólalærafélag Íslands, Landssamtökin Heimili og skóla, Samband íslenskra sveitarfélaga og umboðsmann barna. Auk þess bauð menntamálaráðuneytið nokkrum gestum að sitja þingið. Þinggestir voru um 90 frá öllum samstarfsaðilum, þ.á m. nokkrir nemendur úr grunnskólum sem tóku virkan þátt í umræðum og settu svip sinn á þingið. Fram kom mikill áhugi á samstarfi allra aðila skólasamfélagsins um skólareglur og agi. Einkar mikilvægt þótti að allir þessir aðilar kæmu saman og fjölluðu um grundvallarsjónarmið hvað varðar skólareglur og agi í grunnskólum, þ.e. fulltrúar stjórnvalda, skólalæra, kennara, foreldra og nemenda.

Samráðsnefnd menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka kennara og skólalæra setti síðastliðinn vetur á fót starfshóp til að fjalla um skólareglur og agi í grunnskólum. Nánar tiltekið var hópnum falið að huga að endurskoðun á gildandi reglugerð nr. 385/1996 um skólareglur og agi í grunnskólum og að taka saman leiðbeinandi vinnureglur um meðferð agabrota í grunn-

skólum, m.a. með tilliti til stjórnsýslulaga. Loks skyldi hugað að undirbúningi málþings um agamál í skólum.

Í starfshópnum eru: Guðmundur Sigvatsson fulltrúi Skólalærafélags Íslands, Guðni Olgeirsson fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Jón Hjartarson fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jónína Bjartmarz fulltrúi Heimilis og skóla, Sigrún Ágústsdóttir fulltrúi Kennarasambands Íslands í stað Svandísar Ingimundardóttur og Þórhildur Lindal umboðsmaður barna.

## *Ný reglugerð um skólareglur og agi í grunnskólum væntanleg*

Markmiðið með málþinginu var að gera grein fyrir skýrslu starfshópsins og fjalla um einstakar tillögur, m.a. drög að nýrri reglugerð sem hópurinn hefur unnið. Á þinginu flutti menntamálaráðherra ávarp um skólareglur og agi, gerð var grein fyrir starfi hópsins og nokkur erindi flutt. Unnið var í málstofum. Niðurstöður þingsins verða leiðbeinandi um verkefnaáætlun varðandi

framhald málsins og framkvæmd tillagna hópsins, t.d. hvað varðar endurskoðun á reglugerð um skólareglur og agi í grunnskólum sem verður gefin út á næstunni.



Samráðsnefndin hefur nú farið yfir niðurstöður þingsins og vænta má að þeim verði fylgt eftir á viðeigandi vettvangi á næstunni. Tillögum hópsins er beint til ýmissa aðila, m.a. menntamálaráðuneytisins, kennaramenntunarstofnana, Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga almennt, samtaka kennara, skólalæra og foreldra.

Nánari upplýsingar um niðurstöður þingsins eru á heimasíðu ráðuneytisins, [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is) undir upplýsingum. Þar er einnig skýrsla starfshópsins, ýmsir úrskurðir ráðuneytisins um þessi mál og önnur gögn.

## Útboð á upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla

Forval vegna útboðs á upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla var auglýst 19. desember sl. Gert er ráð fyrir að allir framhaldsskólar verði búnir að taka upp nýtt kerfi eftir eitt ár. Á grunni upplýsinga sem fást í forvalinu verður metið hvaða fyrirtæki teljast hæfust til að taka þátt í lokuðu útboði á vegum ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að það fari fram síðari hluta janúarmánaðar og allt að fimm aðilum verði boðin þátttaka.

Heildstætt upplýsingakerfi fyrir fram-

haldsskóla mun byggjast á fimm megin-  
einingum:

- Skipulagseiningu sem heldur utan um skipulag og upplýsingar vegna námsframboðs, nemenda, kennara o.fl.
- Fjárhags- og starfsmannaeyningu sem heldur utan um bókhald og laun.
- Stundatöflueiningu sem býr til stundatöflur og próftöflur.
- Námsferliseiningu sem býr yfir upplýsingum um námsframvindu nemenda og einkunnir.

- Fyrirspurnar- og upplýsingaeiningu sem veitir skilgreindum notendum kerfisins margvíslegar upplýsingar úr kerfinu.

Kerfið verður væntanlega miðlægt og rekið af rekstraráðila sem líklega verður valinn á grundvelli útboðs. Gert er ráð fyrir öflugri tengingu kerfisins við Netið og að notendur geti framkvæmt allar vinnslur, fyrirspurnir og skráningu með vefryni.

Ráðgert er að prófa kerfið í einum framhaldsskóla á haustönn 2000, en að heildar-notkun kerfisins hefjist á vorönn 2001.



# Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000

Fullveldisdaginn 1. desember 1999 var dagskrá Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu árið 2000, kynnt í Fjölskyldugarðinum í Laugardal. Menningarborgarárið hefst formlega 29. janúar 2000 og ber dagskráin heitið menning og náttúra og nær yfir um 250 viðburði af ýmsum toga. Dagskrá menningarborgarársins hefur nú verið send inn á öll heimili landsins, 100 blaðsíðna bæklingur.

Lokið er fimm ára undirbúningsferli sem hófst þegar ríkisstjórn Íslands og Reykjavíkurborg tóku höndum saman árið 1994 um að sækjast eftir að Reykjavík yrði menningarborg Evrópu árið 2000.

Að þessum fjölmörgu íslensku verkefnum menningarársins standa allar helstu menningar- og menntastofnanir landsins, sjálfstæðir hópar og samtök, félög og einstaklingar. Sveitarfélögum hefur verið boðið til samstarfs og í gegnum þetta verkefni tengist íslenskt menningar- og atvinnulíf einnig sterkari böndum en áður eru dæmi um.

Hæsta styrk úr CONNECT sjóði Evrópusambandsins hlaut verkefnið Raddir Evrópu eða 26 millj. kr. Raddir Evrópu er kór 90 ungmenna frá öllum menningarborgunum níu, Avignon, Bergen, Bologna, Brussel, Helsinki, Kraká, Prag, Santiago de Compostela og Reykjavík. Þetta



*Þorgerður Ingólfssdóttir stjórnandi, stjórnar hér íslensku þáttakendunum í Röddum Evrópu.*

er einnig víðamesta samstarfsverkefni borganna og er því stjórnað frá Reykjavík. Undirbúningur þessa verkefnis hófst á Íslandi þar sem hugmyndin fæddist og hefur nú staðið hátt á annað ár. Stjórnandi kórsins er Þorgerður Ingólfssdóttir. Kórinn söng fyrst opinberlega með Björk Guðmundsdóttur í Perlunni á gamlárskvöld 1999.

Opnuð hefur verið upplýsingaveita menningarborgarinnar í Kringlunni þar sem hægt er að kynna sér dagskrána, en einnig er hægt að kynna sér dagskrána á vefnum, [www.reykjavik2000.is](http://www.reykjavik2000.is).

## BREYTINGAR SAMÞYKKTAR Á SKÓLALÖGGJÖF

### Aukið valfrelsi í 9. og 10. bekk

Í desembermánuði sl. samþykkti Alþingi breytingar á grunnskólalögum og lögum um framhaldsskóla.

Breytingin á grunnskólalögum felur í sér aukið valfrelsi í 9. og 10. bekk grunnskóla þannig að nemendur taka aukna ábyrgð á námi sínu í samræmi við nýja aðalnámskrá

grunnskóla 1999. Í öðru lagi felur breytingin í sér að frestur til einsetningar grunnskóla er framlengdur í samræmi við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga til 1. september 2004.

Breytingin sem Alþingi samþykkti á framhaldsskólalögum kveður á um eftirfarandi:

almennra námsbrauta framhaldsskóla.

3. Menntamálaráðherra er heimilað að ákveða með reglugerð hvaða lokapróf framhaldsskóla skuli vera samræmd.
4. Skipan starfsgreinaráða verður ákveðin með reglugerð, þar með talið hver fjöldi fulltrúa skuli vera í starfsgreinaráðum og hvernig tilnefningum skuli vera háttáð. Fallið er frá því að takmarka fulltrúaaðild að starfsgreinaráðum við þær starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólástigi og verður við skipan starfsgreinaráða tekið tillit til hagsmuna þeirra starfsgreina sem ekki njóta þegar fræðslu á framhaldsskólástigi.
5. Lögbundinn frestur til þess að framfylgja framhaldsskólalögum er framlengdur til þess að undirbúa betur framkvæmd laganna, til dæmis framkvæmd samræmdra prófa.



*Aðstoðarmenningarmálaráðherra Kína LiYuanchao kom til Íslands í desember. Hann heimsótti m.a. Björn Bjarnason menntamálaráðherra. Á myndinni eru þeir ásamt Wang Ranguhua sendiherra Kína á Íslandi.*

# Málþing um almenna námsbraut í framhaldsskólum

Almenn námsbraut mun brátt verða í boði í flestum ef ekki öllum framhaldsskólum landsins. Hún er ætluð þeim nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám í framhaldsskóla og þeim sem að loknu grunnskólaprófi uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskóla.

Hinn 22. nóvember sl. gekkst menntamálaráðuneytið fyrir málþingi um almenna námsbraut og væntir ráðuneytið þess að málþingið verði til þess að auðvelda skólum vinnu við undirbúning hennar.

Til málþingsins var boðið fulltrúum frá öllum framhaldsskólum á landinu og sendu allir skólar, nema tveir, fulltrúa. Alls sóttu þingið milli 60 og 70 manns. Aðalsteinn Eiríksson, deildarstjóri í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild stýrði málþinginu.

Eftirtaldir aðilar fluttu framsöguræður: Niels Glahn frá danska menntamálaráðuneytinu, sem gerði grein fyrir því

hvernig Danir koma til móts við þá nemendur sem eru óráðnir eða með slakan árangur úr grunnskóla. Hörður Lárusson, ráðgjafi ráðherra, skýrði frá viðhorfum verkefnisstjórnar aðalnámskrár til framkvæmdar á almennri námsbraut í skólum í ljósi væntanlegra inntökuskilyrða á aðrar brautir framhaldsskólans. Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, fjallaði um almenna námsbraut frá sjónarhóli framhaldsskóla sem tekur við öllum nemendum af afmörkuðu svæði. Að lokum sagði Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, kennari við Borgarholtsskóla, frá reynslu skólans af rekstri fjölmenntabrautar í nokkur ár.

Að loknum framsöguerindum skiptust málþingsgestir í hópa sem fjölluðu um ýmsar spurningar varðandi væntanlega almenna braut sem langflestir framhaldsskólar munu bjóða fram strax næsta haust.

## Menntun og menning fyrir alla



Menntamálaráðherra kynnti verkefnaáætlun ráðuneytisins 1999-2003 á fundi með starfsmönnum 13. janúar sl. Þetta er í annað sinn sem ráðuneytið gefur út verkefnaáætlun en hún var fyrst gefin út árið 1996.

Markmiðið með verkefnaáætluninni er skýrt; menntun og menning fyrir alla og er hún liður í þeirri stefnumörkun að áherslur gæðastjórnunar setji í sifell meiri mæli mark sitt á starf í mennta- og meningarmálum.

Meginmarkmið verkefnaáætlunarinnar eru m.a. þau að hrinda nýrri skólastefnu í framkvæmd, efla háskólastigið, auka áherslu á upplýsingatækni í þágu menningar og mennta, tryggja stöðu íslenskrar tungu í upplýsingasamfélaginu, auk þess að efla menningarstarf og íslenska menningu um allt land. Verkefnaáætlunin er birt í heild sinni á vefsíðu ráðuneytisins: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)

## 76 milljónir króna á fjárlögum til símenntunarmiðstöðva og fjarkennslu

Á fjárlögum 2000 eru 76 milljónir króna ætlaðar til starfsemi símenntunarmiðstöðva og fjarkennslu, einkum á háskólastigi. Þetta er tæpum 35 milljónum króna hærra framlag en í fjárlögum 1999. Af þessu munu 20 milljónir renna til Kennaraháskóla Íslands til að hægt verði að fjölga nemendum í fjar-námi við skólann. Tæpar 15 milljónir króna eru tímabundið framlag til að auka svigrúm símenntunarmiðstöðva og þeirra sem standa að fjarkennslu, og til sérstakra fjarkennsluverkefna.

Menntamálaráðherra mun ákvarða nánar um skiptingu þessarar fjárveitingar á grundvelli umsókna frá símenntunarmiðstöðvum og öðrum sem standa að fjarkennslu.

# Menningar-, mennta- og vísindasamningur milli Færeyja, Grænlands og Íslands

Menntamálaráðherrar Færeyja, Grænlands og Íslands, þau Signar á Brúnni, Lise Lennert og Björn Bjarnason, undirrituðu í Reykjavík 29. nóvember 1999 samning um samstarf á sviði menningar-, mennta- og vísindamála.

Samkvæmt samningnum er lögð megináhersla á þrjú verkefni innan ramma samningsins. Árið 2000 er ráðgert að áhersluþættir verði menning og íþróttir, árið 2001 notkun nýrrar tækni á sviði menntunar og árið 2002 staða tungumála og þróun þeirra. Voru þessi verkefni m.a. valin með hliðsjón af yfirlýsingum Vestnorræna ráðsins á fundi þess á Grænlandi í júní 1998 og þingsályktun um eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda sem samþykkt var á Alþingi 11. mars 1999. Samningurinn er til þriggja ára og tók gildi 1. janúar 2000. Framlag hvers lands nemur 2,5 milljónum króna á ári.

Þetta er í annað sinn að samningur um menningar- og



menntamál er gerður af íslenskri hálfu við Færeyjar og Grænland en hinn fyrsti var undirritaður á Grænlandi 26. september 1996. Síðastliðin ár var unnið að þremur meginverkefnum: Listiðnaðarráðstefnu í Færeyjum árið 1997, ráðstefnu um tónlistarfræðslu á Grænlandi árið 1998 og ráðstefnu um vestnorræn samfélög sem haldin var á Akureyri í samvinnu við Háskólann á Akureyri árið 1999. Samninginn er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytis [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is) undir alþjóðlegu samstarfi.

## Samningar við Microsoft um hugbúnað

Samningur um verð á leyfum til skóla fyrir Windows, Office og nokkra aðra hugbúnaðarpakka Microsoft var undirritaður 20. desember sl. af menntamálaráðuneytinu og fulltrúum Microsoft. Kostnaður grunn- og framhaldsskóla við uppsetningu og uppfærslu hugbúnaðar Microsoft mun minnka verulega við þennan samning.

Samkvæmt samningunum verður grunn- og framhaldsskólum boðið að gerast aðilar að samkomulagi um verð sem nemur 4.350 krónum fyrir hverja tölvu í skóla á ári. Verðið miðast við það að skólar kaupi í heild a.m.k. 2.500 leyfi fyrir lok febrúar árið 2000.

### Ókeypis hugbúnaður fyrir starfsfólk skóla

Samkomulagið felur í sér að kennurum og öðru starfsfólki skóla sem er aðilar samningsins býðst að nota hugbúnað Microsoft sér að kostnaðarlausu á eigin tölvum.

Stefnt er að því að um miðjan janúar verði gengið frá samningum um leigu á hugbúnaði Microsoft fyrir íslenska háskóla.

## Nýr vísindafulltrúi í Brussel

Stefán Stefánsson, deildarstjóri í háskóla- og vísindadeild, hefur tekið við tímabundnu starfi vísindafulltrúa ráðuneytisins hjá sendiráði Íslands í Brussel. Starfið felst í að fylgjast með því sem gerist innan Evrópusambandsins á sviði samvinnu um vísindamál, tæknimál, menntamál, menningarmál og önnur mál á stjórnsýslusviði menntamálaráðuneytisins. Jafnframt er honum ætlað að koma á og rækta tengsl við sem flesta aðila sem hafa áhrif á stefnumótun eða daglega afgreiðslu samstarfsverkefna og koma á framfæri áhersluatriðum Íslands þar sem við á.

Stefán varð cand. polit frá Björgvinjarháskóla 1982. Hann var deildarsérfræðingur í verk- og tæknimenntunardeild og síðar í háskóla- og alþjóðadeild menntamálaráðuneytisins 1985 - 1990. Stefán var settur skrifstofustjóri á háskóla- og menningarmálaskrifstofu árið 1990 og skipaður deildarstjóri í háskóla- og vísindadeild frá 1991.



# Árangursstjórnunarsamningar við ellefu menningarstofnanir

Björn Bjarnason menntamálaráðherra undirritaði hinn 30. desember 1999 árangursstjórnunarsamninga við 11 menningarstofnanir, þ.e. Blindrabókasafn Íslands, Íslenska dansflokkinn, Kvikmyndasjóð Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsið, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands.

Samningarnir eru allir til þriggja ára, frá 1. janúar 2000. Tilgangur þeirra er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli menntamálaráðuneytis og viðkomandi stofnunar og draga fram áherslur vegna stefnumótunar og áætlanagerðar.

Í samningunum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem stofnununum hafa verið falin.

*Björn Bjarnason menntamálaráðherra ásamt forstöðumönnum menningarstofnana við undirritun samninganna.*



Tilgreind eru helstu markmið og áherslur hverrar stofnunar á samningstímabilinu og fjárframlög til starfseminnar með fyrirvara um samþykki Alþingis í fjárlögum ár hvert.

Samninga menntamálaráðuneytis við menningarstofnanirnar ellefu er að finna á heimasíðu ráðuneytisins [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is), undir lögum og reglugerðum.

## Ný aðalnámskrá tónlistarskóla

Á vegum menntamálaráðuneytis hefur að undanförmu verið unnið að nýrri aðalnámskrá tónlistarskóla. Verkefnið á sér langan aðdraganda og var fyrsti áfangi þess gefinn út í bráðbirgðaútgáfu árið 1996.

Í aðalnámskrá tónlistarskóla er sett fram heildarstefna til næstu framtíðar um nám og kennslu í tónlistarskólum landsins. Meðal helstu áhersluatriða og breytinga má nefna eftirtalin atriði:

- Hlutverk og markmið tónlistarskóla eru skilgreind.
- Nám í tónlistarskólum skiptist í þrjá megináfanga: grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Dregið er úr vægi stigskiptingar, námsstig í tónlistarnámi

verða nú sjö í stað átta áður.

- Lögð er áhersla á sjálfstæði skóla og sveigjanlegt skólastarf. Hvatt er til skólanámskrágerðar og sjálfsmats skóla.
- Skilgreindar eru námskröfur við lok námsáfanga. Settar eru reglur og viðmið um áfangapróf.
- Lögð er áhersla á skapandi starf í hljóðfæra- og tónfræðanámi.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er umfangsmikið verkefni sem unnið hefur verið af um 80 tónlistarkennurum og sérfræðingum undir forystu tveggja manna ritstjórnar. Aðalnámskráin nær yfir hátt á þriðja tug námsgreina og verður gefin út í tíu heftum. Í almenn-

um hluta er heildarstefnumörkun tónlistarnáms með skilgreiningum á hlutverki og markmiðum tónlistarskóla, lýsingu á skipan tónlistarnáms og umfjöllun um námsmat og próf. Námskrár í einstökum greinum koma út í níu heftum eftir hljóðfærafjölskyldum og greinaflokkum, þ.e. treblásturshljóðfæri, málmblasturshljóðfæri, hljómborðshljóðfæri, strokhljóðfæri, gítar og harpa, einsöngur, slagverkshljóðfæri, tónfræðagreinar og rytmísk tónlist.

Aðalnámskrá tónlistarskóla verður gefin út á fyrri hluta þessa árs. Stefnt er að því að hún taki gildi og komi til framkvæmda í áföngum frá og með hausti 2000.

## *Nefndin úrskurðar í málum þar sem námsmenn telja brotið á rétti sínum*

Menntamálaráðherra hefur skipað áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Hlutverk áfrýjunarnefndarinnar er að úrskurða í málum, ef námsmenn í háskólum telja brotið á rétti sínum. Er þetta í fyrsta sinn sem slík nefnd er skipuð og markmiðið með starfi hennar er að stuðla að bættri réttarstöðu háskólanema.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema er skipuð á grundvelli rammalöggjafar um háskólastigið og starfar sam-



kvæmt sérstökum reglum nr. 73/1999. Þar er kveðið á um að ein áfrýjunarnefnd starfi fyrir allt háskólastigið vegna kærumála háskólanema, en ekki sérstakar nefndir fyrir hvern háskóla. Málum verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar nema kæruleiðir innan viðkomandi háskóla hafi verið reyndar til þrautar eða þrjú mánuðir liðnir frá því að kæra var fyrst skriflega lögð fyrir háskólaráð.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema er skipuð sem hér segir:

Ólafur K. Ólafsson sýslumaður, Stykkishólmi, formaður, skipaður án tilnefningar,

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari, tilnefnd af Samstarfsnefnd háskólastigsins,

Magnús M. Norðdahl hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af samtökum háskólanema.

Áfrýjunarnefndin er skipuð til tveggja ára.

## *Aðalnámskrá grunnskóla kynnt um allt land*

Kynning á aðalnámskrá grunnskóla hófst á vordögum og stendur enn. Á tímabilinu frá febrúar til desember 1999 voru samtals 42 kynningarfundir vítt og breitt um landið og nú þegar er sex fundum lokið í byrjun janúar og nokkrir fundir fyrirhugaðir á næstunni, m.a. með fjarfundasniði fyrir nokkra staði úti á landi. Kynningarnar sl. voru aðallega fyrir skólaskrifstofur, skólastjórnendur og skólanefndir auk nokkurra fagfélaga og sérhópa. Með haustinu voru haustþing kennara vettvangur kynninga þar sem því varð við komið, auk annarra sérstakra kynningarfunda fyrir kennara og skólastjórnendur og skólaskrifstofur, svo og fyrir fulltrúa foreldra.

Kynningarnar hafa staðið yfir allt frá

einni upp í fjórar klukkustundir hverju sinni. Skipulag fundanna hefur verið með nokkuð svipuðu sniði. Yfirleitt hefur verið um almenna kynningu að ræða auk kynningar á nýjum námsgreinum, þ.e. upplýsinga- og tæknimennt og lífsleikni. Hafa starfsmenn grunnskóla-deildar menntamálaráðuneytis þau Hrólfur Kjartansson, Guðni Olgeirsson og Sesselja Snævarr annast almenna kynningu en Jóhann Ásmundsson hefur séð um kynningu lífsleikni og upplýsinga- og tæknimenntar. Á öllum kynningarfundum er áhersla lögð á að tækifæri gefist til umræðna og fyrirspurna.

Það sem helst virðist brenna á mönnum í umræðum og fyrirspurnum eru

skil grunn- og framhaldsskóla, aukið val í 9. og 10. bekk og breytt skipulag samræmdra prófa. Einnig er töluverð umræða um stöðu sérkennslu, mikilvægi lesskimunar og nauðsyn námsráðgjafar í grunnskóla. Ítrekuð er nauðsyn á endurmenntun kennara í tengslum við breyttar áherslur í aðalnámskrá, ekki síst í upplýsinga- og tæknimennt svo og útgáfu hentugra námsgagna. Nokkur umræða er einnig um kennslustundafjölda í einstökum greinum, sérstaklega í listgreinum og upplýsinga- og tæknimennt.

Almennt virðist aðalnámskrá grunnskóla og nýjar áherslur í skólastarfi falla í góðan jarðveg ef marka má viðbrögð við kynningunum.

# Verzlunarskólinn kjarnaskóli í viðskiptagreinum

Menntamálaráðherra Björn Bjarnason, fjármálaráðherra Geir H. Haarde, Árni Arnason, formaður Sjálfseignarstofnunar Verzlunarráðs Íslands um viðskiptamenntun, Gunnar Helgi Halfdanarson, formaður skólanefndar Verzlunarskóla Íslands og Þorvarður Elíasson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, undirrituðu hinn 3. janúar þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi, samkvæmt heimild í 41. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

Samningurinn leysir af hólmi fyrri samning frá 6. janúar 1992. Í nýjum

samningi er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa í rekstrarumhverfi framhaldsskóla m.a. með tilkomu reiknilíkans sem fjárveitingar til framhaldsskóla taka mið af og útgáfu fjárreiðulaga 1997.

Samningurinn gildir í sex ár og tekur til kennslu rúmlega þúsund nemenda á ári. Verzlunarskólinn mun annast kennslu á framhaldsskólastigi auk þess sem stefnt er að því með samningnum að skólinn verði kjarnaskóli í viðskiptagreinum.

Með samningnum eru gerðar sömu faglegu kröfur og gagnvart öðrum framhaldsskólum auk þess sem greiðslur vegna kennslu taka mið af sama reiknilíkani og

notað er til að ákvarða framlög til annarra framhaldsskóla.

## Nýr aðstoðarmaður menntamálaráðherra



Jóhanna María Eyjólfsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar, menntamálaráðherra. Tekur hún við starfinu af Jónmundi Guðmarssyni, sem ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri breska hugbúnaðarfyrtækisins Virtual State Products Ltd.

Jóhanna María lauk BA-prófi í sagnfræði, með fjölmiðlafræði sem aukagrein, frá Háskóla Íslands árið 1993 og hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Sambands ungra sjálfstæðismanna sl. 1 1/2 ár. Hún hefur unnið við þáttagerð og útgáfumál ýmiss konar. Jóhanna María hefur m.a. starfað hjá Ríkissjónvarpinu, Gallup, Stjórnunarfélagi Íslands og sem starfsmaður borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna 1994-98. Þá var hún ritstjóri Stúdentablaðsins 1990-91 og ritstjóri Stefnis 1994-95, en hefur jafnframt unnið að ýmsum verkefnum fyrir Sjálfstæðisflokkinn undanfarin ár. Jóhanna María er 32 ára, gift Alberti Pálssyni, guðfræðinema og eiga þau einn son.

## SKÝRR kaupir Íslenska menntanetið

Menntamálaráðuneytið hefur gengið frá samningum við Skýrr hf. um sölu á Íslenska menntanetinu fyrir 12.103.000 krónur.

Í framhaldi af sölunni hefur menntamálaráðuneytið ákveðið að skilgreina þarfir vegna uppbyggingar og innihalds menntavefjar. Stefnt er að því að tryggja menntakerfinu vettvang á Netinu sem auðveldi aukna notkun upplýsingatækni í námi og kennslu. Ráðuneytið mun stuðla að því að íslenskur menntavefur eða vefir geti nýtt sér efni sem þróað er á alþjóðlegum vettvangi og ráðuneytið hefur aðgang að, t.d. í gegnum norrænt samstarf og frá Evrópska skólanetinu. Hefur Jóna Pálsdóttir, kennari, verið ráðin tímabundið til starfa í ráðuneytinu til þess að hafa umsjón með þessu verkefni. Einnig hefur Jóhann Ásmundsson, félagsfræðingur, verið ráðinn tímabundið til að leggja drög að námskrárvef. Þar er ætlunin að bjóða upp á margvíslega gagnvirka þjónustu við útfærslu aðalnámskráa í skólastarfi. Jóhann var umsjónarmaður með námssviði upplýsinga- og tæknimennta við ritun nýrra námskráa.

# Samningur um stuðning við Hafnarfjarðarleikhúsið

Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Magnús Gunnarsson bæjarstjóri og Hilmar Jónsson leikhússtjóri Hafnarfjarðarleikhússins Hermóðs og Háðvarar undirrituðu hinn 5. janúar 2000, samning



Á myndinni eru Magnús Ragnarsson form. Leiklistarráðs, Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Magnús Gunnarsson bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar, María Ellingsen leikari, Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir framkvæmdastjóri og Hilmar Jónsson leikhússtjóri.

um stuðning við starfsemi Hafnarfjarðarleikhússins Hermóðs og Háðvarar.

Hafnarfjarðarleikhúsið hefur um árabíl verið áberandi í íslensku leikhúslífi. Leikhúsið fékk fyrst styrk frá menntamálaráðuneytinu árið 1995 samkvæmt tillögu úthlutunarnefndar Leiklistarráðs til uppsetningar á verki Árna Ibsen, Himnaríki, sem fékk góðar viðtökur jafnt áhorfenda sem gagnrýnenda. Ári síðar var gerður tveggja ára starfssamningur við leikhúsið sem endurnýjaður var árið 1998. Á árunum 1996-1999 hefur Hafnarfjarðarleikhúsið sýnt Birting eftir Voltaire í leikgerð Hafnarfjarðarleikhússins, Að eilífu eftir Árna Ibsen, Síðasta bæinn í dalnum eftir Loft Guðmundsson í leikgerð Hafnarfjarðarleikhússins, Okkur feðgana eftir Þorvald Þorsteinsson og Sölku ástarsögu eftir Halldór Laxness í leikgerð

Hilmars Jónssonar og Finns Arnars Arnarssonar. Á þessum tíma hefur Hafnarfjarðarleikhúsið skapað sér nafn sem framsækið leikhús og hlotið ýmsar viðurkenningar.

Samningurinn sem undirritaður var hinn 5. janúar gildir til þriggja ára, frá 5. janúar 2000 til 31. desember 2002 og leysir af hólmi samkomulag sem gert var til tveggja ára milli menntamálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarleikhússins Hermóðs og Háðvarar og gilda átti til 31. maí 2000. Með samningnum tekur Hafnarfjarðarleikhúsið að sér að annast atvinnuleiklistar- og menningarstarfsemi í Hafnarfirði með því að setja upp 2-3 leiksýningar á ári, auk þess sem það skal í starfi sínu leitast við að efla hafnfirskt menningarlíf m.a. með samstarfi við aðrar menningarstofnanir. Hafnarfjarðarbær leggur leikhúsinu til 11 milljónir króna á ári á samningstímanum. Menntamálaráðuneytið leggur til að höfðu samráði við Leiklistarráð 10 m.kr. á ári í beinum fjárfrahlögum auk þess sem leikhúsinu er heimilt að sækja um starfslaun listamanna úr Listasjóði.

Samninginn er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins. Slóðin er [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is), undir lögum og reglugerðum

## Samningur um kennslu milli menntamálaráðuneytis og KHÍ

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Geir H. Haarde, fjármálaráðherra og Þórir Ólafsson, rektor Kennaraháskóla Íslands (KHÍ), undirrituðu hinn 28. desember sérstakan samning um kennslu við Kennaraháskóla Íslands, nánar tiltekið um kennslu til fyrsta háskólaprófs og meistaraþrófs og fjárhagsleg samskipti, skv. heimild í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla.

Samningurinn gildir til þriggja ára, frá 1. janúar árið 2000, og tekur til fjárveitinga til reksturs Kennaraháskóla Íslands vegna kennslu, allt að 1200 nemenda árið 2002, en gert er ráð fyrir að þeir verði 960 á næsta ári. Með undirritun hans hafa samningsaðilar markað skýra umgjörð um samskipti ríkisstjórnarinnar og Kennaraháskóla Íslands. Fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs eru gerðar

með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Tilgangur samningsins er að tryggja rekstrargrundvöll háskólans þannig að hann sé svipaður og hjá sænskum og dönskum háskólum með sambærilegt hlutverk, enda fullnægi skólinn þeim kröfum sem gerðar eru í sama námi hjá viðmiðunarskólunum.

Samkvæmt 1. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands skal hann vera miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennaraháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna störfum á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og til þess að sinna sjálfstætt fræðilegum rannsóknum á því sviði. Á samningstímanum mun skólinn vinna að því að:

1) nýta upplýsingatækni við nám í skólanum

og í fjarnámi

- 2) stuðla eftir megni að aukinni sérhæfingu á kjörsviðum í samræmi við nýja námskrá grunnskóla
- 3) endurskoða reglur sem háskólaráð hefur sett um stjórnun fjármála og starfsmannahald í framhaldi af breyttum lögum um skólann og breytingar sem samningur þessi mun hafa í för með sér
- 4) samræma og samhæfa námskeið milli skora í grunndeild með það að markmiði að koma á heildstæðu námsframboði í skólanum.

Þá rituðu menntamálaráðherra og rektor Kennaraháskóla Íslands undir yfirlýsingu um að viðræður verði nú hafnar um rannsóknarþáttinn í starfi Kennaraháskóla Íslands og fjárveitingar til hans.

# Ráðstefna um fjarnám

Ráðstefnan UT2000 sem helguð er fjarnámi verður haldin föstudaginn 3. mars kl. 13.00 til 16.30 og laugardaginn 4. mars kl. 09.00 - 16.30 í Háskólanum í Reykjavík. Ráðstefnan er sérstaklega ætluð þeim sem vinna við kennslu, tæknilega uppbyggingu og stefnumótun í skólastarfi. Dagskrá ráðstefnunnar byggist á fyrirlestraröðum um kennslufræði og stefnu-

markandi hliðar fjarmenntunar ásamt upplýsingum um tæknilegar nýjungar við fjarkennslu. Tekið verður mið af námi á grunn-, framhalds- og háskólastigi og fjallað um áhrif fjarnáms á staðbundið nám. Erlendir sérfræðingar munu halda fyrirlestra á ráðstefnunni ýmist á staðnum eða með fjarfundabúnaði.

Vakin er athygli á að einungis verða sæti fyrir 270 ráðstefnugesti og munu þeir fyrstu sem




skrá sig komast á þáttökulista. Nánari upplýsingar um dagskrá, fyrirkomulag og skráningu á UT2000 verða gefnar út þegar nær dregur. Fyrir tilstuðlan Lands-símans mun gefast tækifæri til þátttöku með fjarfundabúnaði ef nægur áhugi er fyrir hendi. Þeim skólum

og stofnunum sem hafa hug á þátttöku er bent á að hafa samband við framkvæmdaraðila ráðstefnunnar fyrir 5. febrúar nk.

MENNT - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla annast framkvæmd UT2000. Verða allar nánari upplýsingar og aðstoð vegna ráðstefnunnar veittar á skrifstofu MENNTAR að Laugavegi 51, 101 Reykjavík, síma 511-2660, bréfasíma 511-2661 og netfangi ut2000@mennt.is.

Nánari upplýsingar um þingið má finna á heimasíðu ráðuneytisins: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)

## Nýjungar á heimasíðu ráðuneytisins



Þrjú gagnagrunnar menntamálaráðuneytis hafa verið tengdir við heimasíðu þess.

Gagnagrunnur með upplýsingum um skóla á öllum fjórum skólastigunum. Hægt er að leita og gera lista

m.a. eftir nöfnum skóla, heimilisfangi, kjördæmi, pósthafang og nafni rektors/skólastjóra.

Gagnagrunnur með lögum, reglugerðum, námskrám, samningum og fleira. Hægt er m.a. að leita eftir flokkum (menntun, menning, annað), ártali og efnisorði.

Í þriðja lagi er gagnagrunnur yfir útgefið efni á vegum ráðuneytisins. Í honum eru upplýsingar um tæp 350 rit frá árinu 1993. Mörg þeirra eru á rafrænu formi þannig að hægt er að prenta þau út í heild sinni. Verið er að vinna að því að setja eldri rit inn í gagnagrunninn.

## Skipun í embætti framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs Íslands

Settur menntamálaráðherra, Geir H. Haarde, skipaði Vilhjálm Lúðvíksson framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs Íslands um fimm ára skeið, frá 1. desember 1999.



## Skipun rektors Kennaraháskóla Íslands

Menntamálaráðherra hefur samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, skipað dr. Ólaf Proppé, prófessor, rektor Kennaraháskóla Íslands um fimm ára skeið, frá 1. janúar 2000.



## Nýr bókasafnsfræðingur

Magnea Davíðsdóttir hefur verið ráðin til starfa á bókasafn menntamálaráðuneytisins. Hún lauk BA-prófi í bókasafns- og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands 1999.

Magnea tók við af Ingibjörgu Sverrisdóttur sem hóf störf á skjalasafni fjármálaráðuneytis.

